



Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Fundargerð 45. aðalfundar SSA, haldinn í Íþróttahúsinu á Hallormsstað dagana 30. september og 1. október 2011

Föstudagur 30. september.

Dagskrá fundarins lá frammi og er hún þingskjal nr. 1. Verður hún einnig fjölfölduð í samantekt um aðalfundinn.

A) Fundarsetning

Valdimar O. Hermannsson, formaður SSA, setti aðalfundinn kl. 10:00 og bauð fundarmenn velkomna á þennan fertugasta og fimmta aðalfund sambandsins.

Að inngangi formanns loknum gerði hann tillögu um Sigurjón Bjarnason og Elínu Rán Björnsdóttur sem fundarstjóra, var það samþykkt og Ólaf Áka Ragnarsson og Helga Þórarinsdóttir sem fundarritara, samþykkt samhljóða, tóku ritarar til starfa

Fundarstjórar tóku síðan við stjórn fundarins, bauð fundarmenn velkomna til Hallormsstaðar og þakkaði auðsýnt traust og yfirfór nokkur praktísk atriði. Þá las fundarstjóri upp kveðju til fundarins frá fyrrverandi framkvæmdastjóra SSA Þorvaldi Jóhannssyni.

B) Kosningar

Fundarstjóri bar upp tillögu um eftirtalda í kjörbréfanefnd: Cecil Haraldsson, Unnur Björgvinsdóttur og Eydísi Ásbjörnsdóttur. Samþykkt samhljóða

Fundarstjóri bar upp tillögu um eftirtalda í nefndanefnd: Sigrúnu Blöndal, Jón Björn Hákonarson og Arnbjörgu Sveinsdóttur. Samþykkt samhljóða

C) Skýrsla stjórnar

Valdimar O. Hermannsson fór yfir skýrslu stjórnar starfsárið 2010 – 2011, sem liggur frammi. Skýrslan fylgir fundargögnum sem þingskjal nr. 2. Vísað til allsherjarnefndar.

D) Reikningar SSA

Björn Hafþór Guðmundsson, framkvæmdastjóri, kynnti reikninga SSA 2010, endurskoðaða fjárhagsáætlun 2011 og áætlun 2011. Greinargerð með ársreikningi þingskjal nr. 3. Ársreikningur SSA, þingskjal nr. 4, endurskoðuð fjárhagsáætlun þingskjal 5. Ársreikningur, greinargerð og fjárhagsáætlunum er vísað til fjárhagsnefndar. Skýrslu stjórnar vísað til fjárhagsnefndar. Framkvæmdastjóri minnti á að skýrslur eftirtalinna stofnana hefðu nú verið lagðar fram í gögnum fundarmanna og verði þeim vísað til viðeigandi starfsnefnda á fundinum.

E) Skýrslur stofnana

Skýrslur stofnana sem tengjast SSA eru ekki lagðar fram á fundinum, en þær er að finna á heimasíðu SSA, www.ssa.is

F) Fyrirspurnir og umræður

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu stjórnar, ársreikning og fjárhagsáætlun. Enginn kvaddi sér hljóðs.

G) Tillögur frá stjórn og fulltrúum til aðalfundar

Arnbjörg Sveinsdóttir mælti fyrir tillögum stjórnar til meðferðar í byggða – og atvinnumálanefnd. Þingskjal nr. 6.

- Stofnanir á vegum ríkisins
- Framkvæmdir á vegum ríkisins
- Svæðisskipulag fyrir SSA
- Leiðbeinandi vegamerkingar
- Vatnajökulsþjóðgarður
- Framlag til ferðamála, markaðsstofu og upplýsingamiðstöðva
- Farþega- og vöruflutningar til og frá Austurlandi

45. aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 30. september og 1. október 2011

- h) Starfsstöð Nýsköpunarmiðstöðvar á Austurlandi
- i) Efling Þróunarfélags Austurlands og annarra stofnanna á Austurlandi

Þórunn Egilsdóttir mælti fyrir tillögum stjórnar til meðferðar í mennta- og menningarmálanefndar. Þingskjal nr. 7

- a) Ályktun um símenntun og háskólanám á Austurlandi
- b) Ályktun um miðstöð sjávarútvegsrannsóknna á Austurlandi
- c) Ályktun um menntun á framhaldsskólastigi á Austurlandi
- d) Ályktun um námsráðgjöf og kynningu á framhaldsnámi á Austurlandi
- e) Ályktun um menningarsamning

Sigrún Blöndal mælti fyrir tillögum stjórnar til meðferðar í allsherjarnefnd. Þingskjal nr. 8

- a) Heilbrigðiseftirlit Austurlands
- b) Ályktun um heilbrigðisþjónustu
- c) Heilbrigðisstofnun Austurlands
- d) Ályktun um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga
- e) Flutningur á þjónustu frá ríkisvaldi. Þingskjal nr. 33
- f) Fráveitumálefni. Þingskjal nr. 34

Páll Baldursson mælti fyrir tillögum stjórnar til meðferðar í samstarfsnefnd. Þingskjal nr. 9

- a) Austfirskar stoðstofnanir
- b) Ályktun um samstarfsnefnd

Stefán Bogi Sveinsson mælti fyrir tillögum stjórnar þingskjali nr. 10 til meðferðar í samgöngunefnd

- a) Jarðgangnagerð
- b) Nýframkvæmdir í vegagerð
- c) Endurbætur og viðhald vega
- d) Einbreiðar brýr
- e) Veghald þjóðvega í þéttbýli
- f) Flugsamgöngur
- g) Hafnir
- h) Fjarfskipti

Jens Garðar Helgason mælti fyrir tillögu þingfulltrúa um bættar samgöngur á sunnan verðum Vestfjörðum. Þingskjal nr. 11.

1. Almenningsamgöngur á Austurlandi

- A) Ásta Kristín Sigurjónsdóttir, formaður vinnuhóps um almenningsamgöngur og bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð, kynnti starf vinnuhóps sem skoðað hefur bættar almenningsamgöngur á Austurlandi.
- B) Smári Ólafsson, samgönguverkfræðingur frá VSÓ – Ráðgjöf fór yfir málefni almenningsamgangna og gerði grein fyrir aðkomu sinni að málinu.
- C) Umræður og fyrirspurnir. Til máls tóku Kristján Möller og Jón Þórðarson. Smári Ólafsson svaraði fyrirspurnum sem fram komu.

2. Undirritun samninga um menningarmiðstöðvar

Aðilar að samningnum eru Fjarðabyggð, Fljótsdalshérað, Seyðisfjörður og Fjármálaráðuneytið. Samningurinn var undirritaður af Steingrími J. Sigfússyni af hálfu Fjármálaráðuneytisins, af hálfu Fjarðabyggðar undirritaði Páll Guðmundsson samninginn, Björn Ingimarsson af hálfu Fljótsdalshéraðs og Vilhjálmur Jónsson fyrir hönd Seyðisfjarðakaupstaðar.

Í framhaldi af undirritun ávörpuðu Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs og Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðherra fundinn.

Cecil Haraldsson bað um orðið fyrir hönd kjörbréfanefndar og óskaði eftir því að sveitarfélögin skili inn kjörbréfum fyrir þingfulltrúa.

3. Ísland 2020/ Sóknaráætlun landshluta og fjárfestingaverkefni

- A) Héðinn Unnsteinsson, stefnumótunarsérfræðingur í forsætisráðuneytinu kynnti verkefnið.
- B) Stefán Bogi Sveinsson, varaformaður SSA og forseti bæjarstjórnar Fljótshéraðs fór yfir sýn heimamanna á verkefninu.
- C) Umræður og fyrirspurnir. Til máls tóku Jens Garðar Helgason, Héðinn Unnsteinsson, Valdimar O. Hermannsson, Steingrímur J. Sigfússon og Jón Björn Hákonarson.

Kl. 12:30- kl. 13:00 Fundarhlé og hádegisverður frá kl. 12:15 – 13:15

4. Ávörp gesta

- A) Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri í Innanríkisráðuneytinu bar fundinum kveðju frá Innanríkisráðherra, en hann er staddur erlendis. Hermann fór yfir skipurit innanríkisráðuneytisins, en ráðuneytið er nýtt ráðuneyti sem fer meðal annars með málefni sveitarfélagana. Þá fór Hermann yfir ný sveitarstjórnarlög sem samþykkt voru á Alþingi í september, innleiðingu þeirra, regluverk sem setja þarf og innleiðingu lagana. Þá fór Hermann yfir vinnu sem er í gangi við endurskoðun á reglum Jöfnunarsjóðs.
- B) Halldór Halldórsson formaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga fór yfir störf sambandsins, stöðu í gerð kjarasamninga, málefni tónlistarfræðslu á framhaldsskólastigi, ESB aðildarviðræður og fleira. Þá kom fram að flutningur málefna fatlaðra yfir til sveitarfélagana hefði gengið vonum framár.
- C) Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðherra og fyrsti þingmaður Norðausturkjördæmis fjallaði um samskipti ríkis og sveitarfélaga. Fjármálaráðherra þakkaði fyrir samstarfið á liðnu ári og bar kveðjur frá þingmönnum sem ekki gátu mætt á fundinn.

5. Austfirskar stoðstofnanir

- A) Skúli Björn Gunnarsson, fulltrúi í vinnuhópi um Austfirski stoðstofnanir fór yfir vinnu hópsins og kynnti tillögur starfshópsins um fyrirkomulag á rekstri Austfirskra stoðstofnana.
- B) Innlegg frá fulltrúum í starfshópnum: Undir þessum lið tóku til máls, Björn Ingimarsson, bæjarstjóri á Fljótshéraði, Páll B. Guðmundsson, bæjarstjóri í Fjarðabyggð og Arnbjörg Sveinsdóttir, bæjarfulltrúi á Seyðisfirði.
- C) Umræður og fyrirspurnir. Eftirtaldir tóku til máls, Valdimar O. Hermannsson, Stefanía Kristinsdóttir, Jónína Rós Guðmundsdóttir og Stefán Bogi Sveinsson
Cecil Haraldsson kynnti álit kjörbréfanefndar. 37 fulltrúar voru mættir frá 8 sveitarfélögum. Fundurinn samþykkt samhljóða niðurstöðu nefndarinnar.

6. Sameininga- og samstarfsmál

- A) Ólafur Áki Ragnarsson verkefnastjóri hjá Þróunarfélagi Austurlands fór yfir skýrslu sem unnin var fyrir stjórn SSA á grundvelli samþykktar síðasta aðalfundar sambandsins sem haldinn var á Breiðdalsvík.
- B) Þorleifur Gunnlaugsson formaður nefndar innanríkisráðherra um eflingu sveitarstjórnarstigsins, kynnti vinnu nefnda sem starfar á vegum innanríkisráðuneytisins að sveitastjórnámálum.
- C) Umræður og fyrirspurnir. Eftirtaldir tóku til máls Jens Garðar Helgason, Elvar Jónsson, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Sigrún Blöndal, Halldór Halldórsson og Þorleifur Gunnlaugsson.

7. Tillögur kjörbréfanefndar og nefndanefndar:

- A) Formaður kjörbréfanefndar, Cecil Haraldsson kynnti niðurstöðu kjörbréfanefndar. Kjörnir fulltrúar eru sem hér greinir:

Fulltrúar sveitarfélagana með seturétt á 45 aðalfundi SSA:

45. aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 30. september og 1. október 2011

Fjarðabyggð

Jón Björn Hákonarson
Guðmundur Þorgrímsson
Eiður Ragnarsson
Jens Garðar Helgason
Valdimar O. Hermannsson
Ásta Kristín Sigurjónsdóttir
Sævar Guðjónsson
Óskar Þór Hallgrímsson
Elvar Jónsson
Eydís Ásbjörnsdóttir
Esther Ösp Gunnarsdóttir
Stefán Már Guðmundsson

Ævar Ármannsson
Jósef Auðunn Friðriksson

Fljótsdalshérað

Stefán Bogi Sveinsson
Eyrún Arnardóttir
Páll Sigvaldason
Gunnar Jónsson
Sigrún Harðardóttir
Sigrún Blöndal
Árni Ólason
Árni Kristinsson
Katla Steinsson
Björn Ingimarsson
Guðlaugur Sæbjörnsson

Breiðdalshreppur

Jónas Bjarki Björnsson
Unnur Björgvinsdóttir

Borgarfjarðarhreppur

Jón Þórðarson

Fljótsdalshreppur

Gunnþórunn Ingólfssdóttir

Seyðisfjarðarkaupstaður

Vilhjálmur Jónsson
Daníel Björnsson
Cecil Haraldsson

Vopnafjarðarhreppur

Bárður Jónsson
Björn Hreinsson
Sigríður Elva Konráðsdóttir

Djúpavogshreppur

Andrés Skúlason
Albert Jensson

B) Sigrún Blöndal, form. nefndanefndar lagði fram tillögu nefndarinnar í þingskjal nr. 12 sem hér greinir:

Kjörnefnd

Páll Baldursson formaður
Sigrún Blöndal
Ævar Ármannsson

Byggða- og atvinnumál

Katla Steinsson hópstjóri
Óskar Þór Björgvinsson
Páll Sigvaldason
Sævar Guðjónsson
Jónas Bjarki Björnsson
Stefán Már Guðmundsson
Albert Jensson
Eyrún Arnardóttir
Óskar Þór Hallgrímsson

45. aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 30. september og 1. október 2011

Mennta- og menningarmálanefnd

Elvar Jónsson hópstjóri
Jósef Auðun Friðriksson
Sigrún Harðardóttir
Sigríður Elva Konráðsdóttir
Jón Þórðarson
Árni Ólason
Esther Ösp Gunnarsdóttir

Samgöngunefnd - setustofa

Björn Ingimarsson hópstjóri
Gunnar Jónsson
Árni Kristinsson
Jens Garðar Helgason
Bárður Jónsson
Daníel Björnsson
Ásta Kristín Sigurjónsdóttir
Guðmundur Þorgrímsson
Andrés Skúlason

Allsherjarnefnd

Sigrún Blöndal hópstjóri
Cecil Haraldsson
Ævar Ármannsson
Björn Hreinsson
Eydís Ásbjörnsson

Samstarfsnefnd

Jón Björn Hákonarson hópstjóri
Unnur Björgvinsdóttir
Eiður Ragnarsson
Arnbjörg Sveinsdóttir
Stefán Bogi Sveinsson
Albert Jensson

Fjárhagsnefnd - stjórnstöð

Gunnþórunn Ingólfisdóttir hópstjóri
Vilhjálmur Jónsson
Guðlaugur Sæbjörnsson

Tillaga nefndanefndar borin upp. Samþykkt samhljóða.

8. Fundi frestað fram til kl. 10:00 laugardaginn 1. október nk.

9. Fundi fram haldið 1. október kl. 10:00

10. Menntamál

A) Tengsl menntunar og búsetu, Jón Þórðarson sveitarstjóri Borgarfjarðarhrepps, fjallaði um fólksflutninga og mikilvægi menntunar í dreifbýli til að efla byggð.

45. aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 30. september og 1. október 2011

- B) Framhaldsnám í fremstu röð Jón Björn Hákonarson, forseti bæjarstjórnar Fjarðabyggðar. Erindi Jóns fjallaði um mikilvægi samvinnu milli skólastiga á Austurlandi. Mikilvægi þess að nemendur á Austurlandi nýti sér framhaldsskólana, sveitarstjórnir, foreldrar og forráðamenn barna og unglinga á svæðinu hafi áhrif á að skólarnir séu fyrsta val nemenda til framhaldsnáms.
- C) Fyrirspurnir og umræður, enginn tók til máls.

11. Menningarmál

- A) Menningarráð í 10 ár „Árangur og framtíð“ Signý Ormarsdóttir, menningarfulltrúi Austurlands, fór yfir störf menningarráðs frá stofnun þess. Menningarsamningur við sveitarfélög á Austurlandi var fyrsti samningur sem gerður var milli ríkis og sveitarfélaga um menningarmál undirritaður á Seyðisfirði 14. maí 2001.
- B) Umræður og fyrirspurnir, til máls tóku Stefán Már Guðmundsson, Stefán Bogi Sveinsson og Arnbjörg Sveinsdóttir. Signý Ormarsdóttir svaraði fyrirspurnum sem fram komu.

12. Afgreiðsla ársreikninga – fjárhagsáætlana – nefndaálit og tillögur

A) Samgöngunefnd, Björn Ingimarsson, hópstjóri flutti framsögu. Þingskjal nr. 14

Vegasamgöngur:

Aðalfundur SSA á Hallormsstað 30.09 – 01.10.2011 leggur áherslu á að næstu stóru verkefni í samgöngum á Austurlandi verði sem hér segir:

Jarðgangnagerð - Þörf er á verulegri fjárfestingu í gerð jarðgangna í fjórðungnum. Þessi fjárfesting má þó ekki verða á kostnað annarra framkvæmda í vegagerð sbr. aðra liði hér að neðan. Mikilvægt er því að jarðgangagerð verði fjármögnuð með sértækum hætti á landsvísu, líkt og gert hefur verið hingað til. Áhersla er lögð á að Norðfjarðargöng eru í forgangi gangagerðar innan fjórðungsins, enda er full samstaða þar um. Gerð er krafa um að gerð þeirra verði næstu jarðgangaframkvæmdir sem ráðist verður í á landinu og óvissu um tímasetningu á upphafi við framkvæmd þeirra verði eytt í komandi samgönguáætlun Alþingis. Þá þarf að hefja rannsóknir til undirbúnings næstu jarðganga í fjórðungnum þ.e. Fjarðarheiðar -, Lónsheiðar- og Vopnafjarðarganga.

Tillagan borin upp. Samþykkt samhljóða.

Nýframkvæmdir í vegagerð – Nauðsynlegt er að fjárfesta í vegagerð með sérstakri áherslu á vegi sem tengja jaðarsvæði við miðsvæði auk þess að stytta flutningsleiðir. Í forgangi er tenging syðsta hluta svæðisins við Fljótsdalshérað með uppbyggingu vegar um Öxi en fyrsti hluti þess verkefnis er vegagerð um Skriðdal og Berufjarðarbotn sem einnig nýtist vel í uppbyggingu annarra vegtenginga. Vakin er athygli á að fyrir liggur hönnun þeirrar framkvæmdar í heild sinni af hálfu Vegagerðarinnar.

Til máls tók Jens Garðar Helgason og kom með eftirfarandi breytingartillögu:

„Mörg brýn verkefni eru í vegagerð á Austurlandi. Forgangsverkefnið er að ljúka gerð hringvegarins með bundnu slitlagi um botn Berufjarðar og Skriðdal. Þér er ekki síður brýnt að tryggja samgöngur þeirra byggðakjarna sem einungis hafa eina aðkomuleið í vegasamgöngum, s.s. Seyðisfjörður, Borgarfjörður og Mjóifjörður. Þá bíða verkefni sem fela í sér vegstyttingar innan fjórðungs í vegaframkvæmdum og þar eru fremstar uppbygging á þeim leiðum sem þegar eru komnar, til að þær þjóni hlutverki sínu betur s.s. Breiðdalsheiði og Öxi. Jafnframt er nauðsynlegt með tilliti til öryggis, umferðapunga og styttingar að fjármagni sé varið í endurbyggingar á eftirtöldum köflum, Fáskrúðsfjarðarbotn, Hamarsfjörður, Reyðarfjarðarbotn og Stöðvarfjarðarbotn.“

Orðið var gefið laust um tillögu JGH og til máls tóku: Cecil Haraldsson sem kom með munnlega breytingartillögu, sem fjallaði um Breiðdalsheiði. Jens Garðar Helgason, Árni Ólason, Vilhjálmur Jónsson og Guðmundur Þorgrímsson. Breytingartillaga frá Cecil var borin upp og samþykkt með þorra atkvæða.

Tillaga frá Jens Garðari var síðan borin upp í heild sinni og var hún felld, á móti tillögunni voru 19 atkvæði, með tillögunni voru 16 atkvæði.

Upprunaleg tillaga um „Nýframkvæmdir“ síðan borin upp. Samþykkt með 21 atkv. gegn 7.

Endurbætur og viðhald vega – Gera þarf átak í því að koma á bundnu slitlagi á aðra vegakafla sem enn eru með malaryfirborði. Eru þar fremstir í flokki Borgarfjarðarvegur, Þjóðvegur nr. 1 um Breiðdal, vegurinn um Jökulsárhlíð og Upphéraðsvegur um Fell. Jafnframt er nauðsynlegt með tilliti til öryggis, að fjármagni verði varið í endurbyggingu á vegköflum í botni Reyðarfjarðar, Fáskrúðsfjarðar, Stöðvarfjarðar og Hamarsfjarðar.

Samþykkt samhljóða.

Einbreiðar brýr – Nauðsynlegt er að ráðast í átak til að fækka einbreiðum brúm, en á Austurlandi er t.a.m. að finna bróðurpart allra einbreiðra brúa sem enn eru á Þjóðvegi nr. 1 auk fjölmargra annarra og hefur fjórðungurinn verið látinn sitja verulega á hakanum þegar kemur að endurnýjun.

Samþykkt samhljóða.

Veghald Þjóðvega í þéttbýli. Aðalfundur SSA á Hallormsstað 30.09 – 01.10. 2011 beinir því til samgönguyfirvalda að staðið verið við fyrirheit um endurskoðun samninga um veghald Þjóðvega í þéttbýli og að nýir samningar taki mið af þeim verðlagsbreytingum sem átt hafa sér stað á undanförunum árum. Samningar þessir hafa verið útrunnir til langs tíma, en stöðugt endurnýjaðir einhliða til eins árs af hálfu Vegagerðarinnar. Þetta vinnulag er óboðlegt til lengdar og ómögulegt að ætla sveitarfélögum að standa straum af kostnaðarhækkunum verkefna sem lögum samkvæmt heyrja undir ríkisvaldið.

Samþykkt samhljóða.

Flugsamgöngur:

Aðalfundur SSA á Hallormsstað 30.09 – 01.10. 2011 leggur áherslu á að ráðist verði í nauðsynlegar úrbætur við Egilsstaðaflugvöll svo hann standi undir nafni sem valkostur í millilandaflogi. Í því sambandi skal ítrekað mikilvægi þess að flughlað við Egilsstaðaflugvöll verði stækkað til að auka öryggi flugvallarins og notkun hans. Aukið rekstrar og framkvæmdafé til Egilsstaðaflugvallar verði tryggt með því að hluti varaflugvallargjalds renni til flugvallarins eins og ráð er fyrir gert í lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála. Mikilvægt er að kynna Egilsstaðaflugvöll sem valkost í farþega-, frakt- og ferjuflugi og sem ákjósanlegan kost til millilendinga. Áhersla er lögð á að samgönguyfirvöld komi með virkum hætti að markaðssetningu flugvallarins.

Samþ. samhljóða.

Aðalfundur SSA á Hallormsstað 30.09 – 01.10. 2011 leggur áherslu á að unnið verði að því að aðstaða og hluti útgerðar þyrlusveitar Landhelgisgæslunnar verði á Egilsstaðaflugvelli. Einnig verði tryggt að Egilsstaðaflugvöllur verði notaður sem flugmiðstöð vegna starfsemi sem tengd er hugsanlegri olíuleit á Drekasvæðinu, samanber tillögur sérfræðinga þar um (Þjónustumiðstöð við olíuleit á Drekasvæði – Aðstöðusköpun og staðarval, Iðnaðarráðuneytið, Langanesbyggð og Vopnafjarðarhreppur, september 2008).

Eiður Ragnarsson flutti tillögu um að breyta 1 mgr. þannig að í stað „... verði á Egilsstaðaflugvelli“, kæmi „...verði á Austurlandi“. Borið undir atkvæði. Tillaga ER felld með 13 atkv. gegn 14.

Upprunaleg tillaga borin upp.

Samþykkt samhljóða.

Aðalfundur SSA á Hallormsstað 30.09 – 01.10. 2011 leggur áherslu á mikilvægi öflugs innanlandsflugs og að áfram verði áætlanarflug til Egilsstaða og til Vopnafjarðar. Fundurinn leggur áherslu á mikilvægi þess að Norðfjarðarflugvöllur verði lagður bundnu slitlagi þannig að hann megi þjóna sjúkraflugi sem best.

Samþykkt samhljóða.

Aðalfundur SSA á Hallormsstað 30.09 – 01.10.2011 Fundurinn áréttar fyrri ályktanir um mikilvægi þess að staðsetning Reykjavíkurflugvallar haldist óbreytt. Ætli Reykjavík að standa undir nafni sem höfuðborg alls landsins er mikilvægt að menn meðtaki þá staðreynd að stór hluti landsmanna sækir nauðsynlega þjónustu til höfuðborgarinnar með flugsamgöngum.
Samþykkt samhljóða.

Undir liðnum „Flugsamgöngur“ tóku til máls: Eiður Ragnarsson, Jón Björn Hákonarson, Björn Ingimarsson, Gunnar Jónsson, Sævar Guðjónsson, Elvar Jónsson og Stefán Bogi Sveinsson.

Hafnir:

Aðalfundur SSA á Hallormsstað 30.09 – 01.10.2011 leggur áherslu á að haldið verði áfram að styrkja hafnarframkvæmdir í samræmi við hljóðan 24.gr. hafnarlaga og að við endurskoðun þeirra verði tekið tillit til mikilvægi þess að auk nýframkvæmda taki þau til meiriháttar viðhalds hafna.
Samþykkt samhljóða.

Aðalfundur SSA á Hallormsstað 30.09 – 01.10. 2011 fagnar þeirri ákvörðun stjórnvalda að fara innan skamms í útboð á olíurannsóknnum á Drekasvæði og þeirri atvinnuuppbyggingu sem fyrirhuguð er vegna þessa á Vopnafirði og nágrenni. Í ljósi þeirrar fjárfestinga sem gerðar hafa verið við Mjóeyrarhöfn vekur fundurinn einnig athygli á möguleikum þeirrar hafnar í þessu sambandi.
Samþykkt samhljóða.

Fjarskipti:

Aðalfundur SSA á Hallormsstað 30.09 – 01.10. 2011 beinir því til samgönguyfirvalda að gera átak í því að bæta þjónustu 3G- kerfis svo og háhraðanettenginga í smærri sveitarfélögum. Sérstök áhersla skal lögð á að litið verði til þarfa sjófarenda, þá er mjög slitrótt samband á vegum í fjórðungnum. Aðalfundurinn leggur áherslu á það sanngirnismál að allir íbúar landsins (einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir) sitji við sama borð varðandi verðlagningu á gagnaflutningum og háhraðatengingum, óháð búsetu og í samræmi við flutningsgetu.
Samþykkt samhljóða

Aðalfundur SSA á Hallormsstað 30.09 – 01.10. 2011 leggur áherslu á að halda áfram vinnu við verkefnið Almenningsamgöngur á Austurlandi (AL SAM AUST) og tryggja að faglega sé að yfirfærslunni staðið ef af verður.

Mikilvægt er að tryggja aðkomu sérfræðings á vegum Vegagerðar ríkisins á innleiðingatíma og fá á þeim tíma viðurkenndan þróunar og samþættingarkostnað og að hann vinni náið með sveitafélögum á svæðinu ásamt því að tekið sé tillit til mismunandi þarfa þeirra þéttbýlisstaða sem á svæðinu eru. Í samgönguáætlun koma fram skýr sjónarmið um að Landshlutasamtök sveitarfélaga taki yfir almenningsamgöngur á landi sem hingað til hafa verið ríkisstyrktar. Allt fjármagn frá ríkinu vegna sérleyfa, einkaleyfa og skólaaksturs í hverjum landshluta verði sameinað. Þannig verði þjónusta færð að þörfum íbúanna og almenningsamgöngur milli þéttbýlisstaða í hverjum landshluta eflar með grenndarstjórnsýslu og bættri nýtingu fjármagns.

Samþykkt samhljóða.

Starf á milli aðalfunda

Aðalfundur SSA á Hallormsstað 30.09 – 01.10. 2011 leggur áherslu á mikilvægi þess að starfandi verði nefnd á milli aðalfunda er hafi til umfjöllunar samgöngumál á starfssvæði SSA. Fundurinn vísar því til stjórnar samtakanna að skipa slíka nefnd og setja henni starfsreglur.

Afgreiðslu frestað, þar sem fyrir lá einnig sambærileg tillaga í þingskjali nr. 18 (sjá aftar), en þó ítarlegri. Að samþykktri tillögu í þingskjali nr. 18. um sérstaka samgöngunefnd var ofangreind tillaga með samþykki fundarins síðar dregin til baka.

Stuðningsyfirlýsing:

Aðalfundur SSA á Hallormsstað 30.09 – 01.10. 2011 lýsir yfir eindregnum stuðningi við baráttu Vestfirðinga í kröfum þeirra fyrir bættum samgöngum á sunnanverðum Vestfjörðum.

Austfirðingar hafa í áratugi barist fyrir bættum samgöngum og skilja vel þær kröfur íbúa Vesturbyggðar, Reykhólasveitar og Tálknafjarðar að það séu almenn mannréttindi að keyra á láglendisvegum þar sem þess gefst kostur.

Það er krafa hvers samfélags og skilyrði fyrir eðlilegri búsetuþróun og lífsgæðum íbúana að samgöngur séu greiðar og öruggar. Því miður búa mörg samfélög á Vestfjörðum og Austfjörðum ennþá við einangrun og háa fjallvegi sem hamla vexti og viðgangi viðkomandi sveitarfélaga. Hlýtur það að vera meginverkefni í samgönguáætlun stjórnvalda að bæta aðstæður viðkomandi sveitarfélaga.

Undir liðnum „Stuðningsyfirlýsing“ til máls tók Cecil Haraldsson og kom með munnlega breytingartillögu að fella niður málsgr. nr. 2. Jens Garðar Helgason tók einnig til máls.

Breytingartillaga Cecils var felld með þorra atkvæða gegn einu.

Upprunaleg tillaga borin upp. Samþykkt samhljóða.

B) Byggða- og atvinnumál. Katla Steinsson hópstjóri flutti framsögu. Þingskjal nr. 15

Stofnanir ríkisins á Austurlandi

45. aðalfundur SSA, haldinn á Hallormsstað 30. sept. og 1.okt. 2011, skorar á þingmenn kjördæmisins að verja þau mikilvægu störf og þjónustu sem eru á vegum stofnana ríkisins í fjórðungnum. Allar hugmyndir um flutning yfirstjórnar málaflokka í miðlægar stofnanir, oftast á höfuðborgarsvæðinu, draga verulega úr möguleikum landsbyggðarinnar á að hafa áhrif og taka virkan þátt í þróun stjórnsýslu ríkisins.

Fundurinn leggur áherslu á að ríkisvaldið efli starfsemi opinberra aðila á landsbyggðinni með tilfærslu starfa og nýrra verkefna.

Samþykkt samhljóða.

Framkvæmdir á vegum ríkisins

45. aðalfundur SSA, haldinn á Hallormsstað 30. sept. og 1.okt. 2011 hvetur stjórnvöld til að ráðast í fyrirbyggjandi mannaflafrek fjárfestingaverkefni, til að stuðla að bættri stöðu í verktakastarfsemi á Austurlandi og varðveita jafnframt þá þekkingu og reynslu sem nú ríkir í fjórðungnum.

Fundurinn leggur jafnframt áherslu á að stöðuleiki í efnahagsmálum og eðlilegt rekstrarumhverfi er nauðsynlegt til þess að atvinnulífið geti ráðist í nauðsynlegar fjárfestingar.

Þá er mikilvægt að ríkisvaldið flýti eins og kostur er verkefnum sem þegar eru í startholunum, til dæmis uppbyggingu hjúkrunarheimilis á Egilsstöðum.

Samþykkt samhljóða.

Leiðbeinandi og samræmdar vegamerkingar

45. aðalfundur SSA, haldinn á Hallormsstað 30. sept. og 1.okt. 2011, hvetur Vegagerð ríkisins í samstarfi við sveitarfélög og ferðaþjónustuaðila, til að vinna áfram að bættri merkingu við þjóðvegi til hagsbóta fyrir ferðamenn og landsmenn. Fundurinn leggur sérstaka áherslu á að merkingar varðandi leiðarval með tilliti til ástands vega og merkingar er vísa á áhugaverða staði verði eflar.

Samþykkt samhljóða.

Vatnajökulspjóðgarður

45. aðalfundur SSA, haldinn á Hallormsstað 30. sept. og 1.okt. 2011, hvetur til þess að starfsemi Snæfellsstofu á Skriðuklaustri verði efl. Nauðsynlegt er að kynna starfsemina vel fyrir ferðamönnum og ekki síður fyrir íbúum fjórðungsins. Stjórnvöld eru hvött til að standa við gefin fyrirheit um framlög til uppbyggingar og reksturs þjóðgarðsins. Mikilvægt að bæta almennt aðgengi með vegabótum, stígum og merkingum, enda fylgja slíku margháttuð tækifæri til atvinnusköpunar í sátt við náttúruvernd. Fundurinn leggur áherslu á að stjórnun þjóðgarðsins sé **sem mest** á höndum heimamanna. Þess verði jafnframt gætt sem kostur er, að tekið verði tillit til sjónarmiða ferðaþjónustufyrirtækja, **félagasamtaka** og annarra aðila sem nýta þjóðgarðinn.

Eiður Ragnarsson flutti breytingatillögu þess efnis að felld yrðu niður orðin „sem mest“ og bætt yrði inn orðinu „félagasamtaka“ á eftir ferðaþjónustufyrirtækja í síðustu málsgr.

Tillaga um báðar breytingarnar samþ. samhljóða og tillagan einnig í heild, þannig orðuð.

Framlag til ferðamála, markaðsstofu og upplýsingamiðstöðva

45. aðalfundur SSA, haldinn á Hallormsstað 30. sept. og 1.okt. 2011, hvetur yfirvöld til að draga hvergi úr stuðningi sínum til ferðamála. Stuðningur hins opinbera við ferðaþjónustuna hefur sannanlega skilað árangri og skiptir sköpum fyrir þessa atvinnugrein.

Fundurinn hvetur ferðamálayfirvöld til þess að stýra áttakinu „Ísland allt árið“ á þann veg að Austurland jafnt og önnur landsvæði njóti ávinnings af áttakinu.

Upplýsingamiðstöðvar eru afar mikilvægur þáttur í að fjölga áfangastöðum ferðamanna, vísa þeim leið og tryggja ánægjulega dvöl. Því skorar aðalfundur SSA á stjórnvöld að tryggja nægjanlegt fjármagn til áframhaldandi reksturs landshluta- og landamæraupplýsingamiðstöðva á Austurlandi.

Samþykkt samhljóða.

Farþega- og vöruflutningar til og frá Austurlandi

45. aðalfundur SSA, haldinn á Hallormsstað 30. sept. og 1.okt. 2011 vekur athygli á þeim árangri sem náðst hefur í farþega og vöruflutningum til og frá Austurlandi og byggja á samgönguöxlunum þremur, ferjuhöfn á Seyðisfirði, alþjóðaflugvelli á Egilsstöðum og vöruhöfn á Reyðafirði. Enn eru fjölmörg tækifæri til frekari nýtingar og framþróunar og þannig atvinnusköpunar í fjórðungnum sem byggja á þessum samgöngumannvirkjum og nálægðinni við Evrópu. Fundurinn hvetur til áframhaldandi samstarfs sveitarfélaganna og stoðstofnanna um markaðssetningu og stuðning við það góða starf sem þegar er unnið, sem og frekari nýsköpun á þeim grunni.

Samþykkt samhljóða.

Starfsstöð Nýsköpunarmiðstöðvar á Austurlandi.

45. aðalfundur SSA, haldinn á Hallormsstað 30. sept. og 1.okt. 2011, lýsir miklum vonbrigðum yfir því að enn hefur ekki verið staðið við loforð um fjölgun stöðugilda hjá Nýsköpunarmiðstöð Austurlands, þrátt fyrir að fé hafi verið veitt af fjárlögum til þess. Við starfsstöðina eiga að starfa tveir starfsmenn. Eðlilegt er að stjórnvöld skýri ástæður þess að ekki hefur orðið af efndum og hvenær þær verða.

Aðalfundurinn samþykkir að óska eftir því að stjórn SSA vinni að því að starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar á Austurlandi verði færð inn í væntanlega sameiginlega stoðstofnun Austfirðinga um næstu áramót og tilheyrandi fjármagn með.

Samþykkt samhljóða.

Efling Þróunarfélags Austurlands og annarra stoðstofnana á Austurlandi.

45. aðalfundur SSA, haldinn á Hallormsstað 30. sept. og 1.okt. 2011, skorar á stjórnvöld að auka fjármagn til atvinnuráðgjafar á Austurlandi með því að styðja enn frekar fjárhagslega við starfsemi stoðkerfisins á svæðinu, sem mun styrkja frumkvöðla - og nýsköpunarstarf í fjórðungnum.

Mikill niðurskurður á fjármagni til stoðkerfisins á síðustu árum hefur bitnað á þjónustu þess við fyrirtæki og íbúa Austurlands. Þróunarfélagið sem sinnir brýnum verkefnum í þágu fjórðungsins, hefur ekki getað sinnt þörfum atvinnulífsins sem skyldi sem er afar slæmt í því ástandi sem ríkir í dag. Góðar hugmyndir sem gætu skilað arðsemi til samfélagsins komast ekki í framkvæmd vegna skorts á stuðningi bæði í formi ráðgjafar og fjármuna.

Mikilvægt er að fjárveitingar til félagsins verði auknar til þess að félagið verði betur í stakk búið til að sinna hlutverki sínu gagnvart sveitarfélögum, atvinnulífi og einstaklingum í landshlutanum.

Samþykkt samhljóða.

Sorp og endurvinnsla á Austurlandi

45. aðalfundur SSA, haldinn á Hallormsstað 30. sept. og 1.okt. 2011 hvetur stjórn SSA til að kanna möguleika á frekari endurvinnslu sorps í fjórðungnum og vinna að sameiginlegri framtíðarsýn í sorphirðumálum fjórðungsins.

Samþykkt samhljóða.

Refa og minkaveiðar

45. aðalfundur SSA, haldinn á Hallormsstað 30. sept. og 1.okt. 2011 skorar á ríkisvaldið að tryggja aftur fjármagn til sveitarfélaga vegna refa og minkaveiða. Veiðarnar stuðla að því að unnt sé meta og draga úr tjóni af völdum refa og minnka. Fundurinn leggur enn fremur til að tryggðar verði endurgreiðslur á virðisauka til sveitarfélaganna.

Samþykkt samhljóða.

Hreindýr á Austurlandi

45. aðalfundur SSA, haldinn á Hallormsstað 30. sept. og 1.okt. 2011 hvetur ríkisvaldið til að flytja alla umsýslu og stjórnun hreindýraveiða heim í hérað. Hreindýr eru auðlind sem fyrirfinnst aðeins á Austurlandi og því telur fundurinn eðlilegt að umsýsla og stjórnun sé staðsett í fjórðungnum.

Samþykkt samhljóða.

C) Mennta- og menningarmálan. Elvar Jónsson, hópstjóri flutti framsögu. Þingskjal nr. 16.

Ályktun um símenntun og háskólanám á Austurlandi.

45. aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 30. september og 1. október fagnar framþróun Þekkingarnets Austurlands. Fundurinn leggur áherslu á að haldið verði áfram að efla símenntun með því að auka ráðgjöf á vinnustöðum, meðal atvinnuleitenda og frumkvöðla. Einnig að sífellt sé unnið að auknu framboði, fjölbreytni og gæðum þeirra námskeiða sem íbúum standa til boða. Fundurinn fagnar stofnun stóriðjuskóla sem starfræktur er í samstarfi Fjarðaáls, ÞNA og Verkmenntaskóla Austurlands. Fundurinn fagnar því að staðarlotur í framhaldsnámi kennara frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands sé hafnar á Austurlandi. Fundurinn gerir þá kröfu á ríkisreknu háskólanna að íbúum Austurlands standi til boða að stunda fjölbreytt nám á háskólastigi heima í héraði.

Ályktun um miðstöð sjávarútvegsrannsókna á Austurlandi.

45. aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 30. september og 1. október 2011 skorar á ríkisstjórnina að styrkja fræðasetrið Búland í Neskaupstað sem miðstöð sjávarútvegsþjónustu og rannsókna á uppsjávarfiski. Í því skyni efla Hafrannsóknastofnun uppsjávarrannsóknir sínar í Neskaupstað, rannsóknir Matís í samvinnu við sjávarútvegsfyrirtækin verði auknar.

Undir þessum lið tók til máls Jens Garðar Helgason

Ályktun um menntun á framhaldsskólastigi á Austurlandi

45. aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 30. september og 1. október hvetur stjórnvöld til að vinna áfram að bættri aðstöðu framhaldsskóla á Austurlandi til að gegna sínu hlutverki og bæta þannig möguleika til náms í heimabyggð. Áriðandi er að skólunum verði gert kleift að bjóða fram fjölbreytt nám og mæta ólíkum þörfum nemenda. Það er mikilvægt að á Austurlandi sé boðið uppá menntun sem tengist þeim fjölbreyttu framtíðarmöguleikum sem svæðið býður upp á. Þá skorar fundurinn á yfirvöld menntamála að stórefla aðstöðu til iðn- og starfsnáms á framhaldsskólastigi í fjórðungnum.

Ályktun um kynningu á framhaldsnámi á Austurlandi

45. aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 30. september og 1. október telur mikilvægt að kynning á námsmöguleikum í fjórðungnum nái til allra íbúa á svæðinu og reynt sé að byggja upp jákvætt hugarfar gagnvart menntun og þýðingu hennar fyrir einstaklingana. Bestur árangur næst með gagnkvæmri og stöðugri upplýsingu milli starfsfólks menntakerfisins og íbúanna.

Ályktun um menningarsamning

45. aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 30. september og 1. október lýsir ánægju sinni með núgildandi menningarsamninga og leggur áherslu á að ekki verði hreyft við þeim. Í ljósi fyrirhugaðra breytinga á úthlutun til menningarmála af óskiptum safnliðum í fjárlögum leggur fundurinn til að fjármagnið verði lagt í sérstakan sjóð. Þeim fjármunum verði síðan úthlutað samkvæmt sérstökum reglum sem samræmdar verða af landshlutasamtökum og menningarráðum þeirra. Menningarsamningur milli ríkis og sveitarfélaga gengur út frá eflingu og aukinni atvinnusköpun á sviði menningar og lista. Mikilvægt er að við samninginn sé staðið hvað þetta varðar og störfum á

45. aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 30. september og 1. október 2011

Austurlandi í þessum málaflokki fjölgi.

Ályktun um framtíð framhaldsskólana á Austurlandi

45. aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 30. september og 1. október hvetur skólanefndir framhaldsskólana á Austurlandi til aukinnar samvinnu og að skoða kosti og galla þess að færa rekstur framhaldsskólanna frá ríki til sveitarfélaganna. Fundurinn óskar eftir því að afrakstur þessarar vinnu verði kynntur á næsta aðalfundi SSA.

Tillögur nefndarinnar í þingskjal nr. 16 voru bornar upp í einu lagi og samþ. samhljóða.

D) Allsherjarnefnd, Sigrún Blöndal hópstjóri flutti framsögu. Þingskjal nr. 17.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands.

45. aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 30. sept. og 1. okt. 2011, ályktar eftirfarandi vegna Heilbrigðiseftirlits Austurlands, (HAUST):

Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) ítrekar fyrri ályktanir sínar um verkaskiptingu milli UST og HAUST og fer fram á að núverandi samningar um framsal verkefna verði framlengdir í samræmi við yfirlýsta stefnu stjórnvalda um verkefnaflutning til sveitarfélaga. Jafnframt fer SSA fram á að verkefni verði ekki sjálfkrafa flutt með lagabreytingum af landsbyggðinni til Reykjavíkur.

Greinargerð:

Samningum um að HAUST fari f.h. UST með eftirlit með starfsemi sem stofnunin vinnur starfsleyfi fyrir hefur verið sagt upp og renna að óbreyttu út í árslok 2011. Þar með fækkar verkefnum HAUST og tekjur minnka. Umhverfisstofnun hefur enn fremur lagt til við Umhverfissráðuneytið að lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir verði breytt, þannig að starfsleyfsvinnsla og eftirlit með nokkrum fyrirtækjum verði færð milli UST og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og að ekki verði um framsal verkefna að ræða.

Ályktun um heilbrigðisþjónustu.

45. aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 30. sept. og 1. okt. 2011 skorar á yfirvöld velferðar- og fjármála, Alþingi og ríkisstjórn Íslands, að standa vörð um þá heilbrigðisþjónustu sem nú er veitt í landsfjórðungnum. **Niðurskurður á framlögum til þessarar mikilvægu nærþjónustu mun valda óafturkræfum skaða, sem íbúar á Austurlandi munu ekki una við.** Heilbrigðisþjónusta í nærumhverfi er einn mikilvægasti grunnþáttur í þjónustu við íbúa í fjórðungnum, ekki síst á jaðarsvæðum þar sem samgöngur eru erfiðar. Íbúar Austurlands eiga skýlausan rétt, samkvæmt lögum, á góðu aðgengi að heilbrigðisþjónustu eins og aðrir landsmenn.

Ályktun um Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA).

45. aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 30. sept. og 1. okt. 2011 skorar á Alþingi, fjárveitingavaldið og ráðuneyti velferðarmála að sjá til þess að fjárframlög til stofnunarinnar taki mið af raunverulegri starfsemi hennar, getu og þörf. Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA) hefur þrátt fyrir verulegan niðurskurð á fjárframlögum á síðustu árum tekist að mestu að halda uppi nauðsynlegri þjónustu, en verði um frekari niðurskurð að ræða er óhjákvæmilegt að loka starfstöðvum og deildum, með tilheyrandi uppsögnum á sérmenntuðu starfsfólki í heilbrigðisþjónustu og mikilli skerðingu á þjónustu.

Greinargerð:

Heilbrigðisstofnun Austurlands, HSA, hefur á undanförunum árum, með aukinni tækjavæðingu, getu og tiltrú á stofnunina, orðið færari um að sinna stærri hluta þeirrar heilbrigðisþjónustu sem áður var sinnt á utan fjórðungsins, með tilheyrandi tilkostnaði ríkisins og þeirra íbúa sem á þjónustunni þurfa að halda, enda er það þjóðhagslega hagkvæmt að sem mest af heilbrigðisþjónustunni sé veitt í nærumhverfi með staðbundinni grunnþjónustu og farandsérfræðingum sem nýta þegar tilbúna aðstöðu HSA.

45. aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 30. september og 1. október 2011

Ályktun um samskipti ríkis og sveitarfélaga

45. aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 30. sept. og 1. okt. 2011 krefst þess að auknum verkefnum, jafn stórum sem smáum, og íþyngjandi skilyrðum af hálfu ríkisvaldsins á hendur sveitarfélögum fylgi kostnaðarmat og tekjustofnar.

Tillögur nefndarinnar í þingskjali nr. 17 voru bornar upp í einu lagi og samþ. samhljóða.

E) Samstarfsnefnd Jón Björn Hákonarson hópstjóri flutti framsögu. Þingskjal nr. 18.

Austfirskar stoðstofnanir – AST

Aðalfundur SSA, haldinn á Hallormsstað 30. sept. og 1. okt. 2011, samþykkir að daglegur rekstur og umsýsla SSA sameinist stoðstofnunum atvinnulífs, menntunar og menningar á Austurlandi í sjálfseignarstofnun.

Stoðstofnanirnar (eða verkefni innan þeirra) eru: Þróunarfélag Austurlands, Atvinnuþróunarsjóður Austurlands, Vaxtarsamningur Austurlands, Menningarráð Austurlands, Markaðsstofa Austurlands og Þekkingarnet Austurlands.

Vinnan byggist á skýrslu um endurskoðun á stoðkerfi atvinnulífs, menntunar og menningar á Austurlandi. Starfshópurinn (AST) var skipaður skv. tillögu aðalafundar SSA árið 2010.

Í samræmi við skýrsluna eru eftirfarandi atriði forsenda sameiningarinnar:

- Miðað skal við að ný stofnun taki til starfa 1. jan. 2012.
- Stjórn AST verði 7 manna og skipi 3ja manna framkvæmdaráð SSA þrjú sæti.
- Formaður SSA verði formaður stjórnar AST.
- Verkefni verði tilgreind í þjónustusamningi.
- Þjónusta sameinaðrar stofnunar verði skilgreind út frá hugmyndum um þjónustusetur („one-stop-shop“).
- Tryggð verði ákveðin dreifsetning á þjónustu með starfsstöðvum á flestum þéttbýlisstöðum. Ekki verði færri en tveir á hverri starfsstöð, auk kjarna á Egilsstöðum og Fjarðabyggð, til að tryggja grunnþjónustu en til viðbótar skapa svigrúm til sérhæfingar.
- Fram fari viðræður við sveitarfélögin á þjónustusvæðinu um starfsemi, samstarf og fjármögnun verkefna.
- Gert er ráð fyrir að eignum og skuldum SSA (nánast eingöngu vegna lífeyrisskuldbindinga) verði haldið utan við sjálfseignarstofnunina, en rekstrarlega séð verði SSA hluti af henni.
- Samþætt þjónustunet sinnir eftirfarandi málaflokkum: Almenn hagsmunagæsla, atvinnu- og byggðaþróun, menningarmál, ferða- og markaðsmál, fræðslumál og háskólanám, auk rannsókna.
- Þjónusta sem veitt er í AST er grunnþjónusta, sérfræðiráðgjöf og eigin verkefni sem stofnunin ákveður að taka upp á málavíðum sem undir hana heyra.
- Skipurit verði í samræmi við það skipurit sem gerð er tillaga um í skýrslunni.
- Stjórn SSA skal skipa, í samráði við stjórnir þeirra stofnana sem sameinast, verkefnisstjórn og ráða verkefnisstjóra sem vinni í nánu samráði við framkvæmdastjóra og stjórnir þeirra.
- Í undirbúningi að stofnun AST verði skilgreind og tryggð áframhaldandi aðkoma ríkisvaldsins að verkefnum og starfsemi nýrrar stofnunar.

Ályktun um samstarfsnefnd.

Aðalfundur SSA, haldinn á Hallormsstað 30. sept. og 1. okt. 2011, samþykkir að sveitarfélög á starfssvæði SSA skipi í samstarfsnefnd sveitarfélaga á Austurlandi sem starfi fram að næsta aðalfundi sambandsins.

Samstarfsnefndin skal skipuð einum fulltrúa frá hverju sveitarfélagi og einum til vara. Helstu verkefni nefndarinnar skulu vera:

- Greina og vinna áfram að frekara samstarfi allra sveitarfélaga á starfssvæði SSA um einstök verkefni og málaflokka.

45. aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 30. september og 1. október 2011

- Greina og vinna að verkefnaflutningi frá ríki til sveitarfélaga, með það í huga að sveitarfélögin á starfssvæði SSA leysi þau í sameiningu.
- Önnur samstarfsverkefni sem stjórn SSA kann að vísa til nefndarinnar.

Stjórn SSA skal móta starfsreglur fyrir nefndina þar sem m.a. verði tekið til verkaskiptingar milli nefndarinnar, annarra nefnda og stjórnar SSA. Samstarfsnefnd skal bera tillögur um skipun starfshópa og fjárútlát til einstakra verkefna undir stjórn til samþykktar. Miða skal við að einn fulltrúi í nefndinni eigi jafnframt sæti í stjórn SSA.

Ályktun um samgöngunefnd.

Aðalfundur SSA, haldinn á Hallormsstað 30. sept. og 1.okt. 2011, samþykkir að sveitarfélög á starfssvæði SSA skipi í samgöngunefnd sveitarfélaga á Austurlandi sem starfi fram að næsta aðalfundi sambandsins.

Samgöngunefndin skal skipuð einum fulltrúa frá hverju sveitarfélagi og einum til vara. Helstu verkefni nefndarinnar skulu vera:

- Fjalla um samgöngumál í fjórðungnum.
- Vinna að framgangi tillagna aðalfundar SSA í samgöngumálum.
- Eiga samskipti við og afla upplýsinga frá samgönguyfirvöldum um stöðu áætlana og verkefna í samgöngumálum í fjórðungnum.
- Vinna að öðrum samgöngutengdum verkefnum sem stjórn SSA kann að vísa til nefndarinnar.

Stjórn SSA skal móta starfsreglur fyrir nefndina þar sem m.a. verði tekið til verkaskiptingar milli nefndarinnar, annarra nefnda og stjórnar SSA. Samgöngunefnd skal bera tillögur um skipun starfshópa og fjárútlát til einstakra verkefna undir stjórn til samþykktar. Miða skal við að einn fulltrúi í nefndinni eigi jafnframt sæti í stjórn SSA.

Tillögur samstarfsnefndar í þingskjali nr. 18 bornar upp í einu lagi og samþykktar samhljóða.

F) Fjárhagsnefnd, Gunnþórunn Ingólfssdóttir hópstjóri flutti framsögu. Þingskjal 19.

Ársreikningur SSA 2010- endurskoðuð fjárhagsáætlun 2011 og fjárhagsáætlun 2012.

Til nefndarinnar var vísað ársreikningi SSA fyrir árið 2010, fjárhagsáætlun SSA fyrir árið 2012 og endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2011. Gögnunum fylgir greinargerð framkvæmdastjóra SSA.

Fjárhagsnefndin hefur farið yfir ársreikning ársins 2010 og leggur til að hann verði samþykktur. Jafnframt hefur verið farið yfir fjárhagsáætlun ársins 2012 og endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2011. Nefndin leggur til að ársreikningurinn og fyrirbyggjandi áætlanir verði samþykktar.

Með tilliti til að unnið er að sameiningu stofnana og SSA er þar meðtalið, leggur nefndin til að fjárhagsáætlun SSA fyrir árið 2012 verði endurskoðuð, þegar fyrir liggur hvaða breytingar munu fylgja í kjölfar þeirra niðurstöðu sem verður ofan á.

Nefndin vekur athygli á að uppgjöri lífeyrisskuldbindinga vegna brotthvarfs Skeggjastaðahrepps og sveitarfélagsins Hornafjarðar er lokið og hefur verið fært til eignar í ársreikningi 2010, að fjárhæð 3,9 millj. kr.

Laun stjórnar og nefnda SSA:

Til upplýsinga og umhugsunar: Laun stjórnarmanna SSA og fulltrúa í starfshóp taka mið af þingfararkaupi með eftirfarandi hætti:

Stjórnarmaður fær 3 % af þingfararkaupi á fund sem er kr. 16.364,-

Formaður fær 6 % af þingfararkaupi á mánuði sem er kr. 32.729,-

Fulltrúar í öðrum starfshópum fá 1,5 % af þingfararkaupi á fund sem er kr.8.182,-

Fjárhagsnefnd telur þörf á að taka til skoðunar á árinu 2012 launakjör stjórnarmanna og fulltrúa í starfsnefndum, einnig útlagðan kostnað sem tengist starfi þeirra.

Umræður og fyrirspurnir, til máls tók Björn Hafþór Guðmundsson

Þingskjal nr. 19 var borið undir atkvæði í heild sinni og samþykkt samhljóða.

ÁLYKTUN VEGNA AUKAFRAMLAGS JÖFNUNARSJÓÐS SVEITARFÉLAGA, ÞINGSKJAL NR. 20

Aðalfundur SSA, haldinn á Hallormsstað 30. sept. og 1. okt. 2011 mótmælir harðlega þeirri fyrirætlun fjármálaráðherra og innanríkisráðherra að taka 300 m.kr. af 700 m.kr. aukaframlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á þessu ári og fjárhæðinni til eins sveitarfélags í fjárhagsvanda, gegn mótmælum Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Verði af þessum áformum munu einungis 400 m.kr. verða til ráðstöfunar fyrir öll önnur sveitarfélög er eiga í fjárhagsörðuleikum, sem er allt of lág fjárhæð m.v. þörf þeirra.

Aðalfundur SSA krefst þess, nái vilji ráðherranna fram að ganga, að samþykkt verði a.m.k. 200 m.kr. aukafjárveiting í fjárhagsáætlunum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga svo a.m.k. 600 m.kr. verði til ráðstöfunar til sveitarfélaga, sem glíma við erfiða fjárhagsstöðu.

Jafnframt tekur aðalfundur SSA undir þá stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga að varið verði a.m.k. 1.200 m.kr. á ári næstu ár í aukaframlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til aðstoðar sveitarfélögum sem eru í fjárþörf vegna erfiðra rekstrarskilyrða.

Samþykkt samhljóða.

- G) Kosningar samkvæmt samþykktum SSA. Formaður kjörnefndar Páll Baldursson fór yfir tillögur nefndarinnar á þingskjali nr. 21.

Tillögur kjörnefndar til aðalfundar SSA á Hallormsstað 30. sept. og 1. okt. 2011:

Aðalmenn

Varamenn

Stjórn SSA: Norðursvæði:

Stefán Bogi Sveinsson, Fljótsdalshéraði
Arnbjörg Sveinsdóttir, Seyðisfjarðarkaupst.
Þórunn Egilsdóttir, Vopnafjarðarhreppi

Sigrún Blöndal, Fljótsdalshéraði
Jón Þórðarson, Borgarfjarðarhreppi
Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Fljótsdalshr.

Stjórn SSA: Suðursvæði:

Valdimar O. Hermannsson, Fjarðabyggð
Jón Björn Hákonarson, Fjarðabyggð
Unnur Björgvinsdóttir, Breiðdalshreppi
Gauti Jóhannesson, Djúpvogshreppi

Eydís Ásbjörnsdóttir, Fjarðabyggð
Elvar Jónsson, Fjarðabyggð
Gunnlaugur Ingólfsson, Breiðdalshreppi
Andrés Skúlason, Djúpvogshreppi

Skoðunarmenn ársreikninga:

Sigurjón Jónasson, Fljótsdalshéraði
Þórunn Hálfdanardóttir, Fljótsdalshéraði

Ólafía Þ. Stefánsdóttir, Seyðisfirði
Ari Bogason, Seyðisfirði

Ekki bárust aðrar uppástungur og voru framantaldir einstaklingar því sjálfkjörnir til þessara embætta.

13. Fundarslit

Jón Þórðarson tók til máls og bauð Borgarfjörð eystri fram sem næsta fundarstað fyrir aðalfund SSA 2012.

Framkvæmdarstjóri SSA Björn Hafþór Guðmundsson, þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund og sérstaklega heimasveitarfélögum fyrir góða aðstöðuna og starfsmönnum fundarins. Þá þakkaði hann fráfarandi stjórnarmönnum fyrir samstarfið og óskaði nýjum stjórnarmönnum til hamingju með kosninguna. Framkvæmdastjóri óskaði fundarmönnum góðrar heimferðar.

Sleit hann síðan 45. aðalfundi SSA kl. 13:20.

Fundarstjórar:

Sigurjón Bjarnason
Elín Rán Björnsdóttir

Fundarritarar:

Ólafur Áki Ragnarsson
Helga Þórarinsdóttir

45. aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 30. september og 1. október 2011